

# Lög fyrir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð

## I. Heiti og markmið

### 1. grein

Flokkurinn heitir Vinstrihreyfingin - grænt framboð (VG) með heimili-Heimili og varnarþing-er í Reykjavík.

### 2. grein

Markmið flokksins er að berjast beita sér fyrir jafnrétti, jöfnuði, réttlæti, kvenfrelsi, umhverfis- og náttúruvernd, lýðræði, sjálfstæði þjóðarinnar og friðsamlegri sambúð þjóða.

### 3. grein

Við val í trúnaðarstörf innan og á vegum flokksins skal gætt jöfnuðar milli kynja, bæði meðal aðal- og varamanna, þar með talið við val á framboðslista til kosninga á Alþingi og í sveitarstjórnir.

## II. Flokksaðild

### 4. grein

Félagar í flokknum geta þeir þau orðið sem styðja markmið hans og eru ekki í öðrum stjórn málaflokkum á Íslandi.

### 5. grein

~~Aðildarumsóknir nýrra félagsmanna skulu berast til stjórnar viðkomandi svæðisfélags. Svæðisfélögin skulu reglulega senda breytingar á félagatali til skrifstofu flokksins sem heldur félagaskrá.~~

Inntökubeiðnir í flokkinn og úrsagnir úr honum skulu tilkynntar skriflega eða með rafrænum hætti til viðkomandi svæðisfélags eða skrifstofu flokksins. Skrifstofan hefur yfirumsjón með félagatali í samræmi við reglur sem stjórn flokksins setur og eru staðfestar af flokksráði.

## III. Skipulag

### ~~6. grein~~

~~Grunneiningar í skipulagi flokksins eru svæðisfélög sem taka til eins eða fleiri sveitarfélaga eftir ákvörðun félagsmanna.~~

### 7. grein

Félagssvæði svæðisfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Eigi skal nema eitt svæðisfélag starfa í hverju sveitarfélagi. Grunneiningar í skipulagi flokksins eru svæðisfélög. Þau taka til eins eða fleiri sveitarfélaga eftir ákvörðun félagsmanna, en félagssvæðið má þó aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Heimilt er að stofna smærri deildir sem miðast við hverfi eða byggðakjarna innan sveitarfélaga. Stjórn svæðisfélagsins fer þá með málefni deildanna. Þar sem svo háttar til að svæðisfélag tekur til fleiri en eins sveitarfélags teljast skráðir félagar innan hvers sveitarfélags vera deild innan félagsins sem fer með staðbundin verkefni, þar með talið framboð til sveitarstjórna.

## 8. grein

Félagsmenn geta aðeins verið í því svæðisfélagi sem lögheimili þeirra eða heimilisfesti segir til um einu svæðisfélagi en er heimilt er þeim að sækja fundi í hvaða svæðisfélagi sem er og njóta þar málfrelsis og tillöguréttar. Félagsmenn sem hafa annað heimilisfesti en lögheimili segir til um tilkynni skrifstofu hvoru svæðisfélaginu þeir kjósa að tilheyra. Búi félagsmaður þar sem ekki er starfandi svæðisfélag skal hann tilgreina það svæðisfélag sem hann kys að eiga aðild að til skrifstofu flokksins. kjósa að eiga aðild að öðru svæðisfélagi en heimilisfesti segir til um eða búa utan marka starfandi svæðisfélaga skulu tilgreina það svæðisfélag sem þeir kjósa að eiga aðild að.

## 9. grein

Svæðisfélög skulu setja sér lög sem eru í samræmi við lög flokksins. Þau skulu halda aðalfundi sína árlega og skulu slíkir fundir boðaðir með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

Árlega skulu svæðisfélög senda skrifstofu flokksins upplýsingar um stjórn félagsins, innheimt félagsgjöld, ársreikninga og starfsemina á liðnu ári. Um meðferð fjármuna og reikningsskil skal farið í samræmi við lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Svæðisfélög ráða fjárhag sínum og málefnum sjálf að öðru leyti, en þó í samræmi við lög þessi.

Svæðisfélög hafa sjálfstæðan fjárhag og skipa málum sínum sjálf í samræmi við lög flokksins.

## ~~10. grein~~

~~Svæðisfélög eða kjördæmisráð samkvæmt samkomulagi þar um, innheimta árgjöld af félagsmönnum sínum samkvæmt ákvörðunum flokksstjórnar um lágmarks viðmiðunarárgjald. Svæðisfélög og kjördæmisráð þau sem þau eiga aðild að sbr. 11. gr. skipta með sér tekjum af árgjöldum þannig að 20% komi í hlut kjördæmisráðs.~~

## ~~11. grein~~

~~Svæðisfélög eða deildir innan þeirra sbr. 6. gr. skulu sjá um framboð til sveitarstjórna í nafni flokksins eða í samstarfi við aðra.~~

## 12. grein

Þar sem fleiri en eitt svæðisfélag starfar innan kjördæmis skulu svæðisfélögin mynda með sér kjördæmisráð. Hvert svæðisfélag kys fulltrúa í kjördæmisráð sem nemur einum fyrir hverja fimm félagsmenn eða brot úr þeirri tölu.

~~Kjördæmisráð eða svæðisfélag, ef starfssvæði þess fellur saman við kjördæmamörk, sér um framboð til Alþingis.~~

Kjördæmisráð kys sér stjórn sem skipuð skal a.m.k. þremur mönnum og skal formaður kosinn sérstaklega.

Kjördæmisráð fer með önnur verkefni á sínu starfssvæði samkvæmt ákvörðun svæðisfélaganna eða flokksstjórnar.

## A – ný grein

Svæðisfélög eða kjördæmisráð samkvæmt samkomulagi þar um, innheimta árgjöld af félagsmönnum sínum samkvæmt ákvörðunum landsfundar um lágmarks viðmiðunarárgjald. Svæðisfélög og kjördæmisráð þau sem þau eiga aðild að sbr. 11. gr. skipta með sér tekjum af árgjöldum þannig að 20% komi í hlut kjördæmisráðs.

### *13. grein*

Heimilt er að stofna aðrar flokkseiningar sem þó teljast ekki til grunneininga flokksins sbr. 6. gr. Félagar í slíkum flokkseiningum skulu þó vera félagar í svæðisfélögum með réttindi og skyldur sbr. 4. gr. Flokkseiningar þessar hafa sjálfstæðan fjárhag og skipa málum sínum sjálfar í samræmi við lög flokksins og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Samtök ungs fólks, yngra en 31 árs og samtök eldra fólks, eldra en 60 ára, falla undir þessa skilgreiningu, ásamt öðrum þeim einingum sem kunna að vera stofnaðar.

Landssamtök ungs fólks yngra en 31 árs í Vinstrihreyfingunni—grænu framboði hafa sjálfstæðan fjárhag og skipa sínum málum sjálf í samræmi við lög flokksins.

### *14. grein*

Öll aðildarfélög skulu setja sér lög sem eru í samræmi við lög flokksins. Þau skulu halda aðalfundi sína árlega og skulu slíkir fundir boðaðir með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

Árlega skulu aðildarfélög senda skrifstofu flokksins upplýsingar um stjórn félagsins, ársreikninga og starfsemina á liðnu ári. Um meðferð fjármuna og reikningsskil skal farið í samræmi við lög númer 162/2006 um fjármál stjórn málasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

## Y – Nýr kafli

### B – ný grein

Svæðisfélög eða deildir innan þeirra sbr. 6. gr. skulu sjá um framboð til sveitarstjórna í nafni flokksins eða í samstarfi við aðra. Kjördæmisráð eða svæðisfélag, ef starfssvæði þess fellur saman við kjördæmamörk, sér um framboð til Alþingis.

### C – ný grein

Við val á frambjóðendum á lista flokksins sbr. B. gr. skal viðhafa uppstillingu eða forval. Uppstilling skal samþykkt annað hvort á félagsfundi eða með póstkosningu en forval má fara fram í einni eða tveimur umferðum á kjörfundi eða með póstkosningu.

### D – ný grein

Kjörskrá skal lokað tveimur vikum fyrir forvalsdag, útsendingardag kjörseðla í póstkosningu eða félagsfund þar sem taka skal ákvörðun um framboðslista og hafa þeir félagsmenn sem þá eru á félagatali og hafa greitt síðasta árgjald kosningarétt. Framboðsfrestur rennur út þremur vikum fyrir forvalsdag, útsendingardag í póstkosningu eða félagsfund.

## E – ný grein

Stjórn flokksins setur samræmdar lágmarksreglur sem staðfestar eru af flokksráði um meðferð kjörskrár og um val á frambjóðendum skv. C og D gr. eigi síðar en 6 mánuðum fyrir reglulegar kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna. Reglurnar gildi í öllum kjördæmum og öllum sveitarfélögum.

## **IV. Skrifstofa**

### 15. grein

~~Flokkurinn hefur aðsetur og aðalskrifstofu sína í Reykjavík. Honum er stjórnað af flokksstjórn, sem kosin er skv. 25. grein.~~

## **V. Landsfundur**

### 16. grein

Landsfundur skal halda annað hvert ár, og ákveður flokksstjórn fundarstað og fundartíma.

### 17. grein

Landsfundur hefur æðsta vald í öllum málum VG. Hann er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

### 18. grein

Boða skal landsfund með skriflegri tilkynningu til svæðisfélaganna með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.

### 19. grein

Landsfundur samþykkir fundarskóp og skal fundinum stjórnað samkvæmt þeim.

### 20. grein

~~Álit og ályktanir er flokksstjórn hyggst leggja fyrir landsfund, skal senda svæðisfélögum eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn, nema sérstakar ástæður hamli.~~

### 21. grein

Mál þau og tillögur sem einstakir félagar, ök félög eða kjördæmisráð óska eftir að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda flokksstjórn sex vikum fyrir landsfund, verði því við komið. Skal flokksstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn.

Álit og ályktanir er flokksstjórn hyggst leggja fyrir landsfund, sem og þau mál og tillögur sem borist hafa innan tilskilins tímafrests, skulu liggja frammi á skrifstofu flokksins og birt á heimasíðu hans eigi síðar en þremur vikum fyrir landsfund.

Ekki er hægt að leggja fram tillögu eftir að tímafrestur rennur út nema landsfundur samþykki að taka hana á dagskrá, sbr. þó grein 31 um lagabreytingar.

~~Landsfundarfulltrúar geta borið fram tillögur um hvert það mál sem þeir óska, sbr. þó 31. grein um lagabreytingar. Sé þess óskað skal fundurinn taka afstöðu til þess hvort slíkar tillögur skulu teknar á dagskrá.~~

#### 22. grein

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.

#### 23. grein

Kjörgengir á landsfund og í aðrar trúnaðarstöður VG eru allir ~~fullgildir~~ félagsmenn í svæðisfélögum flokksins sem greitt hafa síðasta árgjald.

~~Flokkurinn skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök svæðisfélög verða fyrir, samkvæmt reglum sem settar eru af landsfundi.~~

#### 24. grein

Flokksstjórn getur kvatt saman aukalandsfund þegar nauðsyn krefur. Fulltrúar á aukalandsfundi eru þeir sömu og kosnir voru til síðasta reglulegs landsfundar.

#### 25. grein

Svæðisfélögum er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa á landsfund úr hópi féлага sinna. Hvert svæðisfélag á rétt á einum fulltrúa á landsfundi fyrir hverja 5 félagsmenn eða brot af þeirri tölu upp að félagatölunni 30 og einum fulltrúa fyrir hverja 159 félagsmenn eða brot af þeirri tölu yfir félagatölunni 30. Hvert félag skal kjósa allt að jafnmarga til vara.

#### 26. grein

Kjörbréf fulltrúa á landsfund skulu send skrifstofu flokksins í síðasta lagi 14 dögum áður en landsfundur hefst og skal flokksstjórn þá skipa þriggja manna kjörbréfanefnd og setja henni starfsreglur.

### VI. Flokksstjórn

#### 27. grein

Flokksstjórn stjórnar daglegri starfsemi flokksins í samræmi við lög þessi og samþykktir landsfunda.

Flokksstjórn skal kosin á landsfundi. Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega og að auki skulu kosnir sjö meðstjórnendur. Þessir ellefu mynda flokksstjórn VG. Auk þess skal kjósa fjóra varamenn.

Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara.

Formaður Ungra vinstri grænna hefur seturétt, málfrelsi og tillögurétt á fundum flokksstjórnar en eigi atkvæðisrétt, nema þá að hann sé í flokkstjórn.

~~Flokksstjórn er heimilt að bjóða aðilum utan stjórnar að sitja fundi samþykki meirihluti hennar það í hvert og eitt skipti.~~

## VII. Flokksráð

### 28. grein

Flokksráð mynda aðal-~~og vara~~ menn í flokksstjórn, þingflokkmenn og varaþingmenn og sveitarstjórnarfulltrúar flokksins, formenn kjördæmisráða, formenn svæðisfélaga ~~og~~ formaður ungliðahreyfingar flokksins ~~og 30 fulltrúar sem kosnir eru sérstaklega af landsfundi. Í forföllum taka varamenn í viðkomandi trúnaðarstörfum sæti.~~

Auk þess eru 40 flokksráðsfulltrúar og 10 til vara kjörnir sérstaklega á landsfundi. Varamenn í flokksráði taka sæti í forföllum aðalmanna. Varaformaður flokksstjórnar er jafnframt formaður flokksráðs.

Tillögur sem leggja skal fyrir flokksráð skal skila til flokksstjórnar viku fyrir fund, verði því við komið.

Fundir flokksráðs skulu vera opnir félagsmönnum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Almennir félagar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

### 29. grein

Flokksráð hefur æðsta vald í öllum málefnum VG á milli landsfunda.

### 30. grein

Fundir flokksráðs og flokksstjórnar eru lögmætir þegar meirihluti fulltrúa er viðstaddur.

Flokksráðsfundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári ~~og ef helmingur formanna kjördæmisráða óskar eftir fundi skal hann boðaður svo fljótt sem verða má. Flokksráð setur sér fundarsköp og skal fundum þess stjórnað samkvæmt þeim.~~

Óski ~~fjórðungur fulltrúa í flokksráði~~ 25 flokksráðsfulltrúar eftir fundi skal hann boðaður svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan þriggja vikna frá því að skrifleg beiðni þar um er send formanni flokksráðs.

### F – ný grein

Á síðasta fundi flokksráðs fyrir landsfund gerir flokksstjórn grein fyrir afdrifum ályktana síðasta landsfundar.

## VIII. Sveitastjórnarráð

### 31. grein

~~Á vegum flokksins starfar sveitarstjórnarráð. Tilgangur ráðsins er að efla starfsemi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á sveitarstjórnarstigi, vera Sveitarstjórnarráð er samstarfsvettvangur kjörinna fulltrúa flokksins í sveitarstjórnnum og vera er öðrum stofnunum flokksins til ráðuneytis um sveitarstjórnarmál. Sveitarstjórnarráðið fjallar um sameiginlega stefnumótun í málefnum sveitarfélaga á grundvelli stefnuyfirlýsingar flokksins og landsfundarsamþykta.~~

### 32. grein

Sveitarstjórnarráð er skipað öllum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnnum sem eru félagsbundnir í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, óháð því hvort þeir eru kjörnir af flokkslistum, sameiginlegum listum eða óhlutbundinni kosningu. Oddvitar framboðslista flokksins sem ekki ná kjöri í sveitarstjórn eiga ennfremur rétt til setu í sveitarstjórnarráði og hið sama á við um ráðna sveitarstjóra sem eru félagar í flokknum. Fulltrúum í flokksráði er heimilt að sitja fundi sveitarstjórnarráðs með málfrelsi og tillögurétti þótt þeir séu ekki fulltrúar í sveitarstjórn.

### 33. grein

Stjórn flokksins boðar til fyrsta fundar sveitarstjórnarráðs að loknum sveitarstjórnarkosningum. Á fyrsta fundi sínum kýs sveitarstjórnarráð sér 3ja manna stjórn til loka kjörtímabilsins, formann, varaformann og ritara, auk 2ja varamanna. Sveitarstjórnarráðið kýs sér stjórn, mótar sér starfsreglur og skipuleggur störf sín. Ráðið skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórnin boðar til funda í sveitarstjórnarráði og skipuleggur starf þess að öðru leyti.

## IX. Fjárreiður

### 34. grein

Ár hvert skal gjaldkeri flokksins í samráði við formann, varaformann og framkvæmdastjóra/-stýru leggja fram á fundi flokksstjórnar fjárhagsáætlun fyrir komandi almanaksár. Flokksstjórn skal staðfesta fjárhagsáætlun flokksins.

Reikningsár flokksins er almanaksárið. Á haustfundi flokksráðs fyrir landsfundar hvert skulu stjórn og framkvæmdastjóri/stýra leggja fram staðfesta ársreikninga fyrir starfstímabilið liðið ár. Þeir skulu jafnframt lagðir fram til kynningar og umræðu á landsfundi.

~~Ársreikningar skulu lagðir fyrir landsfund til afgreiðslu endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda og skoðunarmönnum reikninga. Að landsfundi loknum eru ársreikningar opnir til skoðunar.~~

Framkvæmdastjóri/stýra hefur yfirumsjón með styrktarmannakerfi sem flokkurinn rekur á landsvísu. Tekjur frá styrktarmönnum skulu renna í sérstakan sjóð til að standa straum af útgjöldum til kosninga og til eflingar útgáfustarfsemi. Þá skulu samtök ungs fólks í flokknum, sbr. 12. grein, fá árlegan styrk til starfsemi sinnar sem nemur a.m.k. fjórðungi tekna af styrktarmannakerfinu.

Um meðferð fjármuna og reikningsskil skal að öðru leyti farið í samræmi við lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

## X. Þingflokkur

### 35. grein

Þingflokkur VG kýs sér stjórn, skipuleggur störf sín og mótar afstöðu til mála á þingi í samræmi við stefnu flokksins og samþykktir landsfunda. Veigamiklar ákvarðanir um samstarf við aðra flokka, ríkisstjórnarþátttöku eða slit á slíku samstarfi tekur þingflokkurinn í samráði við flokksráð.

## XI. Lagabreytingar

### 36. grein

Lögum flokksins má aðeins breyta á landsfundi. Skulu jafnan hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting samþykkt ef hún hlýtur 2/3 greiddra atkvæða á landsfundi.

Tillögur til breytinga á lögnum, ~~sem aðrir bera fram en flokksráð~~, skulu sendar flokksstjórn eigi síðar en 6 vikum fyrir landsfund. Með þær skal farið eftir því sem segir í 19. grein.

### **Y. Ýmis ákvæði**

#### G – grein

Ákvörðun um að leggja flokkinn niður skal tekin af tveimur landsfundum í röð og samþykkt með auknum meirihluta á báðum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar.